



Aðalfundur Landsbankans

Skýrsla bankaráðs 22. apríl 2020

Aðalfundur Landsbankans 22. apríl 2020

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs

Skýrsla bankaráðs

Góðan dag og velkomin á aðalfund Landsbankans 2020.

Aðalfundurinn er að sönnu haldinn við óvenjulegar aðstæður. Fundinn átti að halda 27. mars sl. en eftir að stjórnvöld takmörkuðu samkomur við 20 manns, í þeim tilgangi að hindra útbreiðslu Covid-19, var ljóst að ekki yrði hægt að halda fundinn með hefðbundnum hætti. Fundinum var því frestað til dagsins í dag. Um leið var því beint til hluthafa að mæta ekki á fundarstað en taka þess í stað þátt í skriflegri atkvæðagreiðslu um tillögur fundarins.

Það má með sanni segja að veturinn hafi verið Íslendingum þungur í skauti. Í desember geisaði óveður sem lamaði bæði fjarskipti og samgöngur, m.a. í minni heimabyggð, Dalvík. Við tóku fleiri óveður, snjóflóð, slys, jarðskjálftar, kjaradeilur og verkföll. Kornid sem fyllti mælinn var kórónuveirufaraldurinn sem fyrst stakk sér niður á Íslandi í febrúar og hefur síðan valdið miklum breytingum á högum fólks og rekstri fyrirtækja hér á landi sem og annars staðar í heiminum. Áhrifin á hagkerfið eru þegar orðin mikil og má búast við að ástandið verði mun verra áður en birtir til að nýju. Það er því gott að vita til þess að staða Landsbankans er afar sterk. Við erum vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem munu skapast hjá mörgum heimilum og fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við bankann.

Áður en ég fer yfir skýrslu bankaráðs Landsbankans langar mig að hrósa: Ég vil byrja á þríeykinu sem hefur staðið vaktina í nokkra mánuði, tekið mikilvægar ákvarðanir af fagmennsku og öryggi og upplýst þjóðina með eindæmum vel allan tímann. Þá hafa bæði Seðlabankinn og stjórnvöld brugðist hratt við en skjót og fumlaus viðbrögð eru nauðsynleg á erfiðleikatímum.

Þá langar mig að hrósa öllum starfsstéttum heilbrigðiskerfisins sem hafa sýnt hversu öflugt fagfólk við eigum, sama hvert litid er. Það sama á við um skólastjórnendur, kennara og leikskólakennara sem hafa þurft að endurskipuleggja starf sitt á flestum sviðum til að bregðast við samkomubanni.

Að lokum vil ég hrósa Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans, og hennar öflugra fólki í bankanum fyrir snör viðbrögð við breyttum aðstæðum bæði innanhúss og svo ekki síður með breyttri þjónustu við viðskiptavinum, en eins og kunnugt er hefur bankinn þurft að takmarka mjög aðgengi að útibúum sínum um land allt. Ég vil hrósa starfsfólki bankans fyrir hversu vel þau hafa tekist á við margfalt álag sem skapast hefur vegna uppsagna og óvissu í atvinnulífinu. Það er fyrirséð að álagið verður áfram mikið á starfsemi bankans og vil ég hvetja mitt fólk til dáða.

Enginn arður vegna ársins 2019

Áður en Covid-19-faraldurinn skall á hafði bankaráð ráðgert að leggja fram tillögu til aðalfundar um að Landsbankinn myndi greiða arð til hluthafa að fjárhæð 9,5 milljarðar króna vegna reikningsársins 2019. Í ljósi þeirra efnahagslegu óvissu sem nú ríkir og í samræmi við tilmæli frá Seðlabanka Íslands, féll bankaráð frá þessari tillögu og leggur nú til að ekki verði greiddur út arður vegna ársins 2019. Arðgreiðslustefna bankans er þó óbreytt. Í henni er kveðið á um að Landsbankinn greiði meirihluta hagnaðar í arð til hluthafa en frá 2013 hafa arðgreiðslur bankans numið 142 milljörðum króna.

Af sömu ástæðum leggur bankaráð ekki til við fundinn að heimila endurkaup hlutabréfa eins og ráðgert hafði verið.

Samkeppnishæfustu útlánsvextirnir

Hluti af viðbrögðum Seðlabankans við Covid-19 fólust í að lækka stýrivexti og hafa þeir aldrei verið lægri. Landsbankinn hefur fylgt þeim vaxtalækkunum eftir og er það fjármálafyrirtæki sem býður samkeppnishæfustu útlánsvextina. Nýleg lækkun bankaskatts, sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja, gerði bankanum síðan kleift að lækka vexti enn frekar. Bankaskatturinn er, þrátt fyrir þessa lækkun, enn töluvert hærri en í öðrum ríkjum sem við berum okkur saman við og kemur niður á arðsemi bankans og getu hans til að

bæta kjörin til viðskiptavina. Lækkun bankaskatts er jákvætt skref en hafa verður í huga að skatturinn átti alltaf að vera tímabundinn og skattlagningin hefur ekki að fullu skilað sér í verðlagningu bankans. Ég vil hvetja stjórnvöld til þess að ganga enn hraðar í það verk að afnema skattinn sem fyrst. Hið sama á við um fjársýsluskatt sem lagður er á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Traustur rekstur

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir nú mesta samdrætti í heimshagskerfinu frá kreppunni miklu sem hófst haustið 1929. Við þessar aðstæður virka þær áskoranir sem íslenskt efnahagslíf stóð frammi fyrir á árinu 2019 harla auðveldar viðfangs. Það er engu að síður ljóst að hér urðu ákveðin vatnaskil á árinu 2019, sérstaklega við fall flugfélagsins WOW air. Atvinnuleysi jókst og ytri aðstæður í rekstri fyrirtækja voru krefjandi.

Afkoma og arðsemi Landsbankans á árinu 2019 var góð og til marks um traustan og stöðugan rekstur. Hagnaður nam 18,2 milljörðum króna. Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 7,5% en að teknu tilliti til áhrifa af bankaskatti var arðsemi eiginfjár 9,2%. Langtímamarkmið bankans er að 10% arðsemi sé af eigin fé, án bankaskatts. Mikil áhersla er lögð á að halda rekstrarkostnaði í skefjum og er kostnaðarhlutfall bankans með því lágsta sem þekkist á evrópskum bankamarkaði. Í lok árs 2019 var kostnaðarhlutfall bankans 42,6% og lækkaði frá fyrra ári. Laun og tengd gjöld lækkuðu um 131 milljón króna á milli ára en annar rekstrarkostnaður hækkaði um 186 milljónir króna. Efnahagur Landsbankans er traustur en eigið fé bankans í árslok 2019 var 248 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið 25,8%, sem telst hátt í alþjóðlegum samanburði.

Efstur í Íslensku ánægjuvuginni

Sú áhersla sem Landsbankinn hefur lagt á góða þjónustu og traustan rekstur hefur leitt til aukinnar ánægju hjá viðskiptavinum og vaxandi trausts til bankans. Ánægja með fyrirtækjaþjónustuna hefur aldrei mælst hærrí en árið 2019 og hið sama má segja um ánægju með einstaklingsþjónustuna. Ánægja með rafrænar lausnir bankans er sömuleiðis afar mikil og vaxandi. Í lok janúar 2020 var greint frá því að Landsbankinn hefði mælst efstur í Íslensku ánægjuvuginni hjá viðskiptavinum í bankaþjónustu. Bankinn er ákaflega stoltur af þessari viðurkenningu og þakkar traustið sem honum er sýnt. Okkar metnaðarfulla starfsfólk á hrós skilið og við munum áfram leggja okkur fram um að veita bestu þjónustu á íslenskum bankamarkaði.

Styður við atvinnulíf og heimili

Þrátt fyrir gott uppgjör og góðan árangur á flestum sviðum endurspegladi uppgjorið fyrir árið 2019 engu að síður þær breytingar sem urðu í efnahagslífinu á árinu. Þá setti lágt vaxtastig þrýsting á vaxtamun bankans og mun gera það áfram. Á sama tíma drógu háar eiginfjárkröfur og sérstök skattlagning á stærri fjármálafyrirtæki úr arðseminni.

Margar áskoranir eru framundan í starfsemi fjármálafyrirtækja, þótt engin sé stærri en áhrifin af Covid-19. Viðskiptavinir gera kröfu um skilvirkari þjónustu og betri kjör á meðan samkeppni frá innlendum sem erlendum aðilum eykst og kostnaður við eftirlit og í upplýsingatækni hækkar. Landsbankinn líkt og önnur fyrirtæki þarf að hagræða í rekstri sínum og skila eigendum ásættanlegri ávöxtun á eigið fé. Hlutverk Landsbankans er þó fyrst og fremst að styðja við íslensk heimili og atvinnulíf um land allt og það mun bankinn gera áfram.

Samfélagsábyrgð lykilþáttur í starfsemi

Um leið og bankinn birti uppgjör sitt fyrir árið 2019 var ársskýrsla bankans fyrir sama ár gerð aðgengileg á vefnum. Þá kom samfélagskýrsla bankans út þann 27. mars sl., daginn sem áformað hafði verið að halda aðalfund. Ég hvet hluthafa og aðra til að kynna sér efni þessara skýrslna. Í ársskýrslunni er fjallað á aðgengilegan hátt um flest það sem hæst bar í rekstrinum á síðasta ári og í samfélagskýrslunni er umfjöllun um samfélagsábyrgð, þ.m.t. um jafnréttismál, hvernig bankinn styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og fjölbreytt samfélagsverkefni sem bankinn tekur þátt í. Hjá Landsbankanum er litið svo á að samfélagsábyrgð sé lykilþáttur í starfsemi bankans. Það er m.a. gert með því að innleiða metnaðarfulla stefnu um ábyrgar fjárfestingar, með því að starfsfólk aflar sér sérþekkingar á útgáfu grænna skuldabréfa og með því að fylgja alþjóðlegum viðmiðum um ábyrga bankastarfsemi.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Starfsumhverfi Landsbankans er sýbreytilegt. Reglur og kröfur yfirvalda breytast og ný tækni gerir samkeppni á fjármálamarkaði fjölbreyttari og harðari. Samkeppnin kemur ekki aðeins frá innlendum keppinautum heldur einnig frá erlendum bönkum og mögulega frá erlendum tæknirisum.

Fyrir rúmlega fimm árum setti Landsbankinn sér stefnu til ársins 2020. Sú stefna var uppfærð árið 2017 og aukin áhersla lögð á stafrænar lausnir og þjónustu við viðskiptavinum. Stefnan hefur gefist vel en nú er tímabært að marka nýja stefnu til framtíðar. Vinna við nýja stefnumörkun sem hófst í vetur hefur gengið vel og verður ný stefna kynnt á haustmánuðum.

Fylgjumst náið með framvindunni

Baráttan gegn útbreiðslu Covid-19 á Íslandi hefur heppnast vel. Mikilvægt er að okkur takist einnig vel til í glímunni við efnahagslegar afleiðingar faraldursins. Stjórnvöld og Seðlabankinn hafa þegar kynnt umfangsmiklar og mikilvægar aðgerðir fyrir fyrirtæki og einstaklinga og hafa jafnframt lýst því yfir að þau séu reiðubúin til að ganga enn lengra. Landsbankinn mun taka þátt í þessari baráttu með því að standa við bakið á viðskiptavinum sínum í gegnum þær efnahagslegu áskoranir sem framundan eru. Bankinn er aðili að samkomulagi lánveitenda um tímabundna greiðslufresti til rekstrarfyrirtækja sem uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. að rekja megi rekstrarvanda þeirra til Covid-19 og að þau hafi ekki verið í vanskilum í 60 daga eða lengur í lok febrúar sl. Þá býður Landsbankinn einstaklingum og fjölskyldum sem hafa orðið fyrir óvæntri tekjuskerðingu og eru með íbúðalán hjá bankanum að fresta greiðslum um allt að sex mánuði. Bankinn mun að sjálfsögðu fylgjast náið með framvindunni og vinna að lausn mála með sínum viðskiptavinum. Mörg fyrirtæki þurfa á aðstoð að halda en önnur eru í góðri stöðu til að takast á við þetta áfall.

Varðandi útlán til nýrra verkefna verður að hafa í huga að ákvarðanir um útlán eru ávallt teknar með tilliti til þess að lánið fái endurgreitt og núverandi óvissuástand hefur mikil áhrif á það mat. Það er ljóst að fyrirtæki eru misjafnlega viðkvæm fyrir áhrifum faraldursins og hvert tilvik þarf að meta sérstaklega. Í þeirri óvissu sem nú ríkir eru mörg fyrirtæki, sem áður hugðu á lántökur vegna uppbyggingar, auk þess að endurmeta áform sín.

Göngum bjartsýn til verka

Við erum að ganga í gegnum erfitt og óvenjulegt tímabil. Ísland hefur líklega aldrei verið jafn vel undirbúið til að mæta áfalli sem þessu. Ríkissjóður er lítt skuldsettur og því vel í stakk búinn til að styrkja félagslega öryggisnetið og styðja við atvinnulífið. Seðlabankinn á rúmlega 900 milljarða króna gjaldeyrisforða sem er um það bil tvöfaldar heildargjaldeyristekjur ferðapjónustunnar á árinu 2019. Heimili og fyrirtæki skulda lítið, í sögulegu samhengi, og skuldirnar eru nánast allar í krónum nema hjá fyrirtækjum sem eru með erlendar tekjur. Bankakerfið á Íslandi er líklega með þeim sterkustu í heiminum í dag þegar horft er til eiginfjárlutfalla og lausafjástöðu. Íslendingar búa að því að eiga ríkulegar náttúruauðlindir; orku, fiskimið og óspillta náttúru sem ferðamenn munu áfram sækjast eftir að fá að njóta. Við höfum áður staðið af okkur storma. Við vitum hvað þarf að gera til að draga úr tjóni, styðja við einstaklinga og fyrirtæki þannig að við verðum reiðubúin til að sækja fram að nýju þegar faraldrinum linnir.

Eins og fyrr segir er fjárhagslegur styrkur Landsbankans afar mikill. Aðgerðir stjórnvalda og Seðlabankans gera mikið gagn og liðka fyrir aðstoð bankans við viðskiptavinum. Eitt af mikilvægustu hlutverkum viðskiptabanka er að vera stuðpúði þegar atvinnulífið verður fyrir höggi og við göngum bjartsýn til þeirra verkefna sem framundan eru.

Að lokum vil ég þakka afar gott samstarf við félagamínna í bankaráði, bankastjóra og aðra starfsmenn Landsbankans. Ég vil einnig þakka Fjármálaeftirlitinu og öðrum eftirlitsaðilum í Seðlabankanum, Bankasýslu ríkisins og hluthöfum öllum fyrir góð samskipti á síðasta ári.